Karlotta Helgadóttir - fulltrúi skipulagsdeildar

Subject: RE: Samtök orkusveitarfélaga - Kynning til sveitarfélaga sem eru ekki aðilar að samtökunum

From: Bryndís Gunnlaugsdóttir <bryndis.gunnlaugsdottir@samband.is>
Sent: mánudagur, 13. júlí 2026 15:27
Subject: Samtök orkusveitarfélaga - Kynning til sveitarfélaga sem eru ekki aðilar að samtökunum

Kæri sveitarstjóri

Meðfylgjandi eru tvö skjöl frá stjórn Samtaka orkusveitarfélaga sem stjórn samtakanna óskar eftir að verði kynnt kjörnum fulltrúum í sveitarfélaginu.

Annars vegar er um að ræða kynningarbækling um starfsemi, hlutverk og áherslur Samtaka orkusveitarfélaga og hins vegar stutta samantekt um stöðu máls varðandi skattlagningu orkumannvirkja. Skattlagning orkumannvirkja hefur verið eitt helsta hagsmunamál samtakanna um árabil og nú stefnir í að málið komi til meðferðar á Alþingi á komandi vetri.

Málefni orkuvinnslu, virkjana, vindorku, skatttekna og annarra áhrifa orkunýtingar hafa bein áhrif á sveitarfélög víða um land. Samtök orkusveitarfélaga vinna að sameiginlegum hagsmunum sveitarfélaga á þessu sviði, meðal annars með öflugri hagsmunagæslu, upplýsingamiðlun og samstarfi milli sveitarfélaga.

Sveitarfélagið þitt er ekki aðili að Samtökum orkusveitarfélaga í dag. Stjórn samtakanna vill því jafnframt vekja athygli á möguleikanum á aðild og hvetja sveitarstjórn til að kynna sér hvort aðild gæti styrkt hagsmunagæslu sveitarfélagsins og þátttöku þess í umræðu og stefnumótun um orkumál.

Þess er vinsamlegast óskað að meðfylgjandi skjöl verði send öllum sveitarstjórnarfulltrúum og jafnframt lögð fyrir þær nefndir eða ráð sveitarfélagsins sem fara með málaflokka er tengjast skipulags-, umhverfis-, atvinnu- eða orkumálum, eftir því sem við á. Jafnframt væri ánægjulegt ef sveitarstjórn tæki til umræðu hvort tilefni sé til að sækja um aðild að samtökunum.

Nánari upplýsingar um starfsemi og áherslur samtakanna má finna á www.orkusveitarfelog.is. Ég veiti einnig fúslega frekari upplýsingar um aðild, starfsemi samtakanna og þau hagsmunamál sem unnið er að hverju sinni.

Með bestu kveðju,
Bryndís Gunnlaugsdóttir
Starfsmaður Samtaka orkusveitarfélaga

Bryndís Gunnlaugsdóttir
Lögfræðingur • Þjónustusvið
Samband íslenskra sveitarfélaga • Icelandic Association of Local Authorities
Sími / Tel.: (+354) 515 4900 // (+354) 898 5373 • www.samband.is •
thjonusta@samband.is // bryndis@samband.is
Lagalegur fyrirvari • Legal Disclaimer

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026